

# „Á ég að hjálpa þér?“

Umhyggja og gagnvirkni  
með yngstu börnum leikskólans

Þróunarverkefni unnið á yngstu deild  
í leikskólanum Fálkaborg árið 2008

How good I can be depends, in substantial part, on how you treat me. Therefore, virtues of congeniality, amiability, good humor, emotional sensitivity, good manners, and the like become centrally important (Noddings, 2002:2)

## Formáli

Þegar við tókum þá ákvörðun að sækja um í þróunarsjóð Leikskólasviðs höfðum við væntingar um að ná öllum starfsmönnum deildarinnar saman um að vinna að ákveðnum markmiðum. Þau markmið sem við höfðum sett okkur og unnið með vildum við greina betur. Við vildum auka gæði starfsins og við vildum rannsaka hvort aðferðir okkar væru árangursríkar og hvað við gætum lagað.

Á Arnardeild eru börn frá eins árs aldri til rúmlega tveggja ára. Verkefnið stóð yfir frá janúar 2008 til desember 2008. Á þessu tímabili höfum við unnið með tvo barnahópa þar sem börnin sem tóku þátt í verkefninu á vorönn fluttust yfir á eldri deild og ný börn komu á deildina um haustið.

Niðurstöður verkefnisins sýna að við sáum mun á börnunum, vinátta barnanna er sýnilegri, þau styðja hvert annað betur og að mati kennara á eldri deildum eru þau tilbúnari til þess að þiggja og sýna öðrum væntumþykju. Við höfum nýtt okkur reynslu okkar af þessu verkefni við þjálfun nýrra starfsmanna. Við höfum skilgreint hvaða framkoma og viðbrögð starfsmanna leiða til þess að börnin myndi umhyggjutengsl. Við höfum einnig sýnt fram á að með einföldum skráningum geta starfsmenn ígrundað eigið starf og fundið leiðir til að bæta eigin árangur. Þetta hefur leitt af sér að starfsmenn fá meira hrós frá hver öðrum og hafa einnig séð árangur af eigin starfsþróun.

Við þökkum leikskólaráði fyrir þróunarstyrkinn.

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	5
1.1	Uppbygging skýrslunnar .....	6
2.	Fræðileg umgjörð þróunarverkefnisins .....	7
2.1	Umhyggja, gagnvirkni og virðing .....	7
2.2	Að læra í leikskóla.....	8
2.3	Sjálfspækking .....	9
2.4	Samkennd .....	10
2.5	Að vera vinur og að eignast vin .....	10
2.6	Umhverfið .....	13
2.7	Samantekt .....	14
3.	Þróunarverkefnið: Umhyggja og gagnvirkni með yngstu börnum leikskólans.....	16
3.1	Framkvæmd.....	17
3.2	Gagnasöfnun og greining gagna.....	18
4.	Niðurstöður og umræða.....	20
4.1	Sýn starfsmanna .....	20
4.2	Vinátta .....	22
4.3	Samskipti.....	25
	Lokaorð .....	28
	Heimildaskrá .....	30
	Fylgiskjal 1. Þróunaráætlun.....	32
	Fylgiskjal 2. Leiðarljós og starfsáætlun Arnardeildar .....	33
	Fylgiskjal 3. Dagskipulag og hópastarf.....	37
	Fylgiskjal 4. Kennslugögn.....	38
	Fylgiskjal 5. Skráningar .....	40

# 1. Inngangur

Hvernig búum við litlu börnin í leikskólanum sem best undir lífið? Við vitum að lítil börn þurfa að mynda traust tengsl við umönnunaraðila og við vitum að í leikskólanum er oft mikil hreyfing á starfsfólki. Þess vegna er enn mikilvægara en ella að þeir sem annast yngstu börnin viti hvað þeir eiga að hafa hugfast og hvernig á að vinna með ungum börnum.

Markmið þróunarverkefnisins er að skilgreina hvaða þættir í leikskólastarfinu verða til þess að börn læri að þiggja umhyggju frá öðrum einstaklingi og að greina þá þætti í leikskólastarfinu sem hjálpa börnum að þróa hæfileikann til að veita öðrum umhyggju. Í daglegu tali er talað um vináttu. Þar sem vináttu gengur út á að vera góður við félagu sína og virða þá. Vináttu er lífsnauðsynleg og hún hjálpar fólki að breyta rétt. Þess vegna er mikilvægt að hjálpa börnum að mynda vináttutengsl. Þetta gerum við í leikskólanum þar sem við erum stöðugt að finna leið til þess að barni finnist það ekki skilið útundan, að hvert einasta barn finni að það á vin, eigi leikfélaga í leikskólanum.

Í þróunarverkefninu lögðum við áherslu á að skilgreina þau atriði sem stuðla að því að byggja upp jákvæð tilfinningatengsl hjá börnunum á deildinni. Við skoðuðum hvað er gert til þess að byggja upp félagsþroska barnanna. Við höfum skoðað hvernig gagnvirkt samband umönnunaraðila og barns kennir barninu að þiggja umhyggju og að veita öðrum umhyggju.

Í daglegu starfi gefast mörg tækifæri til þess að örva skynjun barna. Þegar starfsmenn vita hvaða áhrif dagleg umhyggja hefur á lítið barn eru meiri líkur á að lögð sé sérstök natni við þessa ákveðnu skilgreindu þætti. Starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um viðbrögð sín þegar þeir mæta erfiðum aðstæðum eða einstaklingi. Þróunarverkefnið var framkvæmt með það í huga að greina hvað við gerum í leikskólanum og hvaða viðbrögð starfsmanna stuðla að því að börn veiti hvert öðru umhyggju.

Á deildinni eru 18 börn á aldrinum eins til tveggja ára. Það leiðarljós sem starfsmenn hafa sammælt um að hafa í starfi sínu er jákvæðni og samvinna. Með þessa þætti að leiðarljósi vildum við leggja áherslu á hversu mikilvægt það er að lítil börn alist upp í jákvæðu andrúmslofti.

Væntumþykja og öryggi meðal starfsmanna og barna er ein af grundvallarforsendum fyrir því að lítið barn nái eðlilegum þroska. Með endurtekningu, t.d. föstu dagskipulagi læra börnin að treysta og öðlast öryggi. Með öruggu og fjölbreyttu umhverfi læra þau að treysta betur á eigin getu og æfa nýja hæfni. Við setjum orð á athafnir daglegs lífs til þess að auka

skilning barna á hugtökum og byggja getu þeirra til að tjá eigin vilja. Börnin læra að hjálpa hvert öðru og þau læra líka að þekkja eigin vilja og setja mörk.

Við lítum svo á að þegar börnin í leikskólanum okkar sýna hvert öðru umhyggju þá finna þau að þau skipta máli og við finnum að starf okkar ber árangur. Umhyggja leikskólakennarans í garð barns sést t.d. þegar kennarinn gefur börnum nægan tíma, næði og rými til leiksins. Við þurfum að virða vilja barnanna, áhuga þeirra og skoðanir. Eitt að því sem við spurðum okkur að í þróunarverkefninu var hvernig við gerum það?

### **1.1 Uppbygging skýrslunnar**

Í fræðilega kafla skýrslunnar er fjallað um helstu hugtök og viðmið sem skapa umgjörð um verkefnið. Kynntar eru rannsóknir þar sem fram kemur að mikilvægt sé að skilgreina umhyggju í námskrá og vinna markvisst með vináttu. Í kafla um þróunarverkefnið er sagt frá hverjir komu að vinnu við verkefnið og sagt frá deildinni. Gerð er grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar voru við gagnaöflun og gagnagreiningu. Niðurstöður og umræður eru í einum kafla sem skipt er í undirkafla eftir þeim sem urðu til við gagnagreiningu. Þar kemur fram greining og túlkun starfsmanna á áhrifum verkefnisins á daglegt starf á deildinni. Ljósmyndir í skýrslunni eru út starfinu á Arnardeild og teknar af kennurum. Foreldrar hafa gefið leyfi sitt fyrir notkun þeirra. Í skýrslunni hefur nöfnum barna verið breytt.

## 2. Fræðileg umgjörð þróunarverkefnisins

Umhyggja og umönnun eru hugtök sem umlykja leikskólastarf. Við tölum um umönnun í leikskólanum frekar en kennslu. Í íslenskri orðabók er hugtakið umhyggja skilgreint sem umönnun eða umhugsun, og það að bera umhyggju fyrir einhverjum merkir að láta sér annt um velferð einhvers (2002:1640). Í ritinu Siðfræði Nikkomakkosar er fjallað um vináttu og dyggðir. Aristóteles sagði að forsenda vináttu og í raun undirstaða réttláts samfélags væri einhugur manna og sameiginlegt gildismat. Í þessum skilningi eru allir samborgarar vinir manns. Góðmennska er mikilvæg í þessum skilningi því góðir menn veita hver öðrum ánægju og vilja hver öðrum alls hins besta. Vinir hjálpast að, allir þurfa á vinum að halda og ánægja sem við veitum vinum okkar er jafn mikils virði og okkar eigin ánægja (1995:149-223).

### 2.1 Umhyggja, gagnvirkni og virðing

Sigrún Aðalbjarnardóttir leggur áherslu á mikilvægi þess að virða barnið sem einstakling, að foreldrar og kennarar beri umhyggju fyrir velferð barnsins, sýni því hlýju, ást og kærleika.

Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir taka í sama streng og segja að umhyggja og umönnun snúist um að sýna virðingu fyrir þörfum og væntingum hvers og eins og að viðhorf leikskólakennarans til barnæskunnar ráði þar ferðinni (2006:21).

Menntunarfræðingurinn Nel Noddings byggir á þeirri sýn að umönnun sé grundvöllur mannlegs lífs. Í umönnun felst gagnvirkni umönnunaraðila og barns (1992:15). Umhyggja er samskipti og þarf að vera sýnileg í námskrá. Í leikskólanum kennum við umhyggju og í leikskóla læra börn í gegnum leikinn. Í Aðalnámskrá leikskóla segir:

Í bernsku felur leikur í sér nám. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug birtist í leikjum þess. Í leik lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Í leik lærir barn samskiptareglur og að virða rétt annarra. Leikur mótast af þroska barnsins bakgrunni þess og uppeldisumhverfi (Aðalnámskrá leikskóla 1999:11).

Í leik læra börnin um góð samskipti í litlum hópum. Vinátta og hjálpsemi koma í ljós og þau læra að deila og skiptast á. Piaget segir meðal annars í kenningum sínum að þegar börn leika sér saman þroski þau skilning á hlutverkum og félagslegan skilning. Börn læra að skilja hvernig aðrir eru og sjálfstraust þeirra eykst. Þegar rifrildi eða árekstrar eiga sér stað í leik

barna verða þau að læra að vinna úr sjónarmiðum sínum og leikfélaga sinna og komast að samkomulagi til þess að leikurinn geti haldið áfram (Schaffer og Kipp 2007:503-505).

## **2.2 Að læra í leikskóla**

Í rannsóknum Jóhönnu Einarsdóttur (2001, 2003a, 2003b) á íslensku leikskólastarfi kemur fram að leikskólakennarinn er fyrst og fremst sá sem miðlar þekkingu og veitir umönnun. Jóhanna bendir á að umönnun í leikskóla feli í sér stuðning við barnið í sambandi við gildi, reglur, nýjar aðferðir og hegðun. Í leikskólanum lærir barnið viðurkennd samskipti við aðra. Umönnun leikskólakennarans miðar að því að styðja barnið í þekkingarleit sinni. Gæði þeirrar umönnunar sem veitt er í leikskólanum hefur áhrif á þroska barnsins. Í kennsluleiðbeiningum Guðrúnar Öldu Harðardóttur og Sigríðar Sítu Pétursdóttur telja þær upp þætti sem teljast vera merki um gæði umönnunar. Þær segja að gæði umönnunar hafi áhrif á alla þroskaþætti barnsins. Þættir sem bera merki um gæðaumönnun eru: að unnið sé með börnum í litlum hópum, að það ríki stöðugleiki í starfsmannahópnum, að í leikskólanum starfi menntað starfsfólk og að þar ríki jákvæð samskipti, að inngríp leikskólakennarans séu jákvæð og að leikskólakennarinn örvi börnin í þekkingarleitinni (2006:19). Leikskólakennarinn á að hvetja börnin til samskipta, spyrja þau spurninga og tala við börnin á jákvæðan hátt. Noddings bendir á mikilvægi fyrirmynda og segir að börn læri umönnun í samskiptum við aðra. Hún segir að kennarar séu nauðsynleg fyrirmynd þar sem þeir sýna umhyggju og væntumþykju. Samtal kennara og barns þarf að vera þannig að báðir aðilar séu virkir í leit að skilningi og hluttekningu. Noddings bendir á að í samtölum sínum við barnið þurfi kennarinn að útskýra fyrir börnum hvað umhyggja þýðir. Kennarinn þarf að veita börnunum endurgjöf með því að sýna þeim og útskýra fyrir þeim í hverju umhyggja felst. Með slíkri samvinnu fá þau tækifæri til að öðlast skilning á umhyggju, hjálpa hvert öðru, styðja hvert annað og skilja hvert annað. Í leikskólanum er ákveðin hegðun samþykkt. Til þess að efla sterkar hliðar barnsins þarf kennarinn að þekkja börnin vel og það þarf að ríkja traust á milli fullorðinna og barna. Börn eiga að fá tækifæri til að vinna með ólíkum einstaklingum því þannig öðlast þau skilning á að allir eru ekki eins (Noddings, 1992:117-125).

Eins og hefur komið fram er mikilvægt að kennarar skilgreini umhyggju í námskrá. Annað mikilvægt hugtak er hugtakið umhyggjutengsl (e. caring relation). Umhyggjutengsl verða þegar gagnvirkt samband myndast milli tveggja einstaklinga. Gagnvirkni vísar til þess að sá sem nýtur umhyggjunnar þarf að vilja taka á móti henni. Ef einstaklingur kærir sig ekki um umhyggju myndast ekki þessi tengsl (Noddings, 1992:15). Umhyggjutengsl er grundvallar

hugtak í skilningi og greiningu á hvernig börn læra að þiggja umhyggju og veita umhyggju. Noddings segir að umhyggja sé forsenda mannlegs lífs.

### **2.3 Sjálfsþekking**

Umönnun á stóran þátt í félagslegum- og vitrænum þroska barna. Samkvæmt Goldstein (2002) er umönnun grundvallarþáttur á leið til vitræns þroska, ekki er nóg að vita að umönnun hefur áhrif, það sem gert er skiptir öllu máli. Þegar staðið er frammi fyrir erfiðum aðstæðum eða einstaklingi, getur verið erfitt að vera meðvitaður um viðbrögð sín og hugsa fram í tímann, en umhyggja krefst þolinmæði, úthalds og trúar á hið góða í barninu. Eins og kemur fram hjá Guðrúnu Öldu og Sigríði Sítu (2006) þá hafa leikskólakennarar litið svo á að í daglegri umönnun gefist bestu tækifærin til að efla alhliða þroska barnanna. Þær Guðrún Alda og Sigríður Síta benda á að í daglegu starfi gefist mörg tækifæri til að örva hina ýmsu skynjunarþætti um leið og umönnunarþættinum er sinnt. Þær benda á að auk leiksins felist stóðir leikskólastarfsins í trausti, hlýju og umhyggju. Umönnun felur í sér aðgerðir, svo sem eins og þegar barn er klætt í fötin. Börnin læra að þekkja eigin tilfinningar og annarra og þau kynnast viðhorfum annarra til lífsins. Allt þetta leiðir börnin áfram á þroskabrautinni.

Í umönnun ungra barna felst að umönnunaraðili veitir barninu óskipta athygli og uppfyllir þarfir barnsins. Umönnunaraðili lætur barnið finna að það skiptir máli, að honum líki vel við barnið og hafi áhuga á því sem það er að gera (Broström, 2003:405-406). Þegar umönnunaraðili sýnir umhyggju þá heyrir hann, sér og finnur hvað það er sem barnið þarfnast. Hér er ekki endilega verið að tala um langar stundir heldur getur verið um augnablik að ræða (Noddings, 1992:16). Umhyggja fyrir samborgurum er forsenda þess að við getum lifað saman og skapað gott samfélag.

Sigrún Aðalbjarnadóttir (2007:122) bendir á að börn sem hafa búið við örugg tilfinningatengsl í frumbersku og hafa lært að treysta umönnunaraðilanum reynast hafa jákvætt mat á getu sinni. Þessi börn eru einnig líkleg til að hafa gott sjálfsálit, vera þrautseig og eiga betur með að aðlagast nýjum aðstæðum. Goleman (2000:54-55) útskýrir þetta nánar og segir að til þess að barn þekki eigin tilfinningar eða hafi sjálfsvitund þurfi barnið að viðurkenna eigin líðan t.d. að þegar barn reiðist í leikskólanum þá þarf að hjálpa því að skilja af hverju það reiddist. Barnið þarf að hafa stjórn á tilfinningum sínum, samkvæmt Goleman grundvallast sá hæfileiki á sjálfsþekkingu. Yngstu börnin í leikskólanum hafa ekki öll þann hæfileika að stýra tilfinningum sínum en með hjálp umönnunaraðila öðlast þau hann smátt og smátt. Barnið þarf að hafa hemil á hvatvísi sinni til þess að ná árangri. Goleman bendir á að

með því að geta slegið umbun á frest eru meiri líkur á að einstaklingur sýni dugnað í því sem hann taki sér fyrir hendur. Hvatvísa leikskólabarnið þarf samkvæmt þessu að læra að bíða eftir að röðin komi að því í leik og að bíða við matarborðið. Goleman fjallar einnig um samkennd og segir að hún sé hæfileiki sem grundvallist á sjálfsvitund. Þannig að til þess að leikskólabarnið geti lesið í tilfinningar annarra þarf það fyrst að hafa þessa sjálfsvitund. Sjálfsvitund er þannig grunnþáttur í mannlegum samskiptum.

## **2.4 Samkennd**

Sýnt hefur verið fram á að ung börn sýna samkennd (Goleman, 2000:107). Börnin í leikskólanum sýna samkennd á mismunandi hátt, hjá sumum sjáum við greinileg merki um samkennd en minna greinileg hjá öðrum. Til þess að hjálpa barni til þess að þroska með sér samkennd með öðrum getur umönnunaraðili notað ýmsar leiðir samkvæmt Goleman. Hann segir að ef agi felur í sér ábendingar um afleiðingar þá geti það aukið samkennd en það er ekki sama hvernig það er gert. Því hefur verið haldið fram að börn sem eiga ekki í miklum samskiptum við önnur börn, þau sem halda sig til hlés eða eru einangruð, sé hættara á að eiga við fleiri vandamál þegar þau eldast. Börn sem halda sig til hlés eru þau sem eiga í mun minni samskiptum við jafnaldra sína en önnur börn. Börn sem umgangast jafnaldra sína læra og æfa félagsleg hlutverk og reglur; öðlast þekkingu á félagslegum samböndum og þá leikni sem þarf til að þróa og halda þessum samböndum. Jafnaldrar eru einnig nokkurs konar leiðbeinendur fyrir hvert annað, þau refska eða hunsa óásættanlega hegðun og styðja við félagslega eða menningarlega jákvæða hegðun (Shneider, Rubin og Ledingham 1985).

## **2.5 Að vera vinur og að eignast vin**

Edwards (1986) segir að börn noti hugtakið vinur fyrst um tveggja til þriggja ára aldur. Þau nota orðið vinur um þá manneskju sem hefur verið kynnt þannig fyrir þeim. Yngstu börnin tala ekki mikið um vináttu en eiga sér oft uppáhalds jafnaldra sem þeir eru í miklum tengslum við (1986:116). Hún heldur áfram og segir að börn byrji fyrst að tala um vináttu við hvert annað um þriggja ára aldur og gera mikið af því þegar þau eru orðin fjögurra og fimm ára. Á þessum tíma er vináttu umræðan oftast til þess að tengjast eða fá aðgang að leik. Þegar barn spyr annað barn „erum við vinir?“ er það oft að meina eitthvað í áttina „viltu leika?“ Eða „er ég ennþá með í þessum leik?“ Eða „má ég vera með?“ Það sama á við þegar barn segir „þú ert ekki vinur minn“ er það oft að meina „ég er reiður“, eða „ég vil vera í friði“ eða „ég vil frekar leika við einhvern annan núna“. Hjá ungum börnum gildir hugtakið vinur oftast um einhvern

sem þau eru að leika við þá og þegar. Vinur er einhver sem sjálfið (e. the self) líkar við (1986:117). Edwards telur að fyrir sex ára aldur hafi börn ekki skilning á langtíma eðli vinskapar. Þess vegna eigi kennarar að passa sig þegar þeir eru að stoppa rifrildi. Þeir eigi t.d. ekki að segja „vertu góður, hann er vinur þinn“ við ung börn. Árangursríkara er að segja „Símon vill líka leika með þetta“ eða „það er vont að lemja“. Hún bendir enn fremur á árangursríkar leiðir til þess að byggja upp samvinnu milli barna og nefnir að kennari eigi að finna verkefni og leiki sem krefjast þess að þau nái augnsambandi eða þurfi að hjálpast að til að takast á við verkefnið og geta klárað það. Einnig að fara í skemmtilega leiki eins og að ganga í röð, syngja og dansa, allt eru þetta leikir sem byggja á samvinnu. Matmálstímar eru einnig upplagðir til þess að innleiða þá umhyggju sem er grundvöllur í góðu samfélagi. Kennarar geta nýtt þekkingu sýna um hugmyndir barna um vináttu til að leiðbeina þeim í samtölum sínum.

Niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Arizona háskólanum (Society for Research in Child Development 2008) sýna að börn sem eru árásgjörn, reið og áhugalaus eiga færri leikfélaga en þau börn sem eru ekki árásgjörn. Þetta á bæði við um stráka og stelpur. Börn sem eru ekki árásgjörn gengur betur en þeim árásgjörnu í samskiptum við félag þegar til lengri tíma er litið. Börn sem sýna mikla áráshneigð er hætt við að meiða önnur börn, þau verða fljótt reið og eiga erfitt með að einbeita sér að verkefnum eða leik. Þeim er hætt við að eiga félagsleg vandamál seinna meir. Þessar alhæfingar voru hvati rannsóknarinnar. Aðrar niðurstöður voru að árásgjörn, reið og áhugalaus börn leika sér við færri félag til lengri tíma en börn sem eru ekki árásgjörn. Þetta mynstur átti líka við um yngri börn (Society for Research in Child Development 2008).

Rubin (1983:25-33) nefnir tvo þætti sem skipta máli þegar borin eru saman börn sem eiga auðvelt með að eignast vini og þau sem eiga erfitt með það. Sá fyrri fjallar um þann erfiða félagslega hæfileika sem þarf til að eignast vini og snýr að aðferðum sem börn nota til að komast inn í leik og hvernig börn bregðast við þegar þau sjá að annað barn er leitt eða í uppnámi. Seinni þátturinn sem Rubin nefnir er um hversu flókinn hæfileiki þetta er. Vegna þess að þetta er svo flókinn hæfileiki þá nýta ekki öll börn sér hann til að viðhalda vináttu. Börn sýna fjöldann allan af félagshæfileikum þegar þau byrja í skóla. Sum eiga auðvelt með að aðlagast á meðan önnur þurfa aðstoð við að byggja upp vináttu.

Þeir félagshæfileikar sem börn þurfa til þess að eignast vini eru:

- getan til að koma inn í leik með öðrum börnum
- jákvæðni og stuðningur við félag
- geta til að leysa úr ósættum

- að sýna nærgætni og skilning á hvað sé viðeigandi.

Þetta eru flóknir þættir og það að flestum börnum tekst að læra þá að lokum má teljast mikilvægasti þáttur félagsþroskans. Þegar barn byrjar í nýjum leikskóla forðast það oft jafnaldra sína og heldur sig til hliðar. Um leið og barnið er farið að þekkja umhverfið reynir það að nálgast hin börnin. Til þess að það takist á áreiðanlegan hátt verður barnið að hafa lært að nýta sér þessa félagslegu hæfileika og vita hvaða tækni er best að nota við mismunandi aðstæður.

Börn nota margar aðferðir til að koma inn í leik með öðrum börnum. Stundum er ekki nóg að nota eina aðferð svo þau reyna aðrar þangað til þau fá að vera með í leiknum. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum Corsaro (sjá William Corsaro í Rubin 1983:26-27) forðast börn að spyrja beint út hvort þau megi leika því þau hafa lært að svarið getur verið nei og þá getur verið erfitt að byrja upp á nýtt. Sú aðferð sem barn nýtir er aðgangur án orða. Þá staðsetur barnið sig á svæðinu þar sem önnur börn eru í leik. Ef barnið fær enga svörun við þessari aðferð getur barnið hringsólað um svæðið til að láta taka eftir sér. Ef það er enn hunsað fer barnið inn á leiksvæðið og byrjar svipaðan leik við hliðina á hinum. Ef barninu er enn ekki hleypt inn í leikinn getur það notað aðferð með orðum. Barnið finnur sér það barn sem er líklegast til að svara á jákvæðan hátt og spyr t.d. hvort þau séu ekki vinir. Ef það fær jákvæða svörun getur það haldið áfram í þeim leik sem það var byrjað í við hliðina en nú með orðum og lýst því sem það er að gera svo að hin börnin taki undir og segi hvað þau séu að gera. Þá er líklegast að börnin séu komin í sama leikinn. Barninu hefur tekist að fylgjast með því í hvernig leik hin börnin voru, byrja svo hljóðlega í leiknum og að lokum koma með yfirlýsingu um að þau séu vinir og þannig bjóða sér í leikinn án þess að trufla það sem var í gangi.

Hæfileikinn að geta eignast vini á þó ekki bara við um að geta komið sér inn í leik með öðrum. Barn þarf líka að geta verið vinur, þ.e. verið tillitssamur, viðurkennandi og hjálpsamur leikfélagi. Vinsæl börn eða þau sem jafnöldrum finnst skemmtilegast að leika við, eru þau sem veita öðrum börnum athygli; hrósa þeim, sýna blíðu og samþykkja hugmyndir þeirra. Börn sem eru hunsuð af öðrum eru yfirleitt þau sem neita að vinna með öðrum, gera aðra að athlægi, kenna öðrum um eða hóta öðrum (samkvæmt rannsókn sem Willard Hartrup og félagar hans gerðu, sjá Rubin 1983:28). Í stuttu máli verður barn, sem vill fá að vera með og vill vera viðurkennt sjálft, að leyfa öðrum að vera með og viðurkenna þá.

Það skal þó nefnt að vinsamleg hegðun leiðir ekki alltaf til vinskapar. Það fer eftir því hvernig blíða er sýnd hvort hinn upplifi atvikið jákvætt og það sem meira máli skiptir hvernig sá sem fær blíðu túlkar það. Sum börn eiga það til að vera of ágeng og hræða aðra, til dæmis

barn sem kemur upp að öllum og faðmar þá af ágengni á hverjum degi. Þetta barn getur lært að stilla áfergju sína með því til dæmis að klappa öðrum á öxlina og stinga upp á að leika saman.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að vinsælustu börnin er þau sem eru ekki mjög háð kennaranum (sjá umfjöllun um rannsókn eftir Moore í Rubin 1983:29). Þegar barn þarf sífellt að leita til fullorðinna til að fá stuðning og aðstoð er líklegt að það hafi ekki nauðsynleg tilfinningaleg úrræði til að vera umbunað af félögum. Vinátta gengur líka út á það að geta leyst vandamál sem koma upp á farsælan hátt. Börn læra að það er oft betra að tjá tilfinningar sínar þegar þeim líður illa. Þau verða að geta sagt hvernig þeim líður og hvað þeim finnst rétt og jafnframt gæta þess að sýna hinum tillitssemi. Saman verða þau að geta komist að niðurstöðu sem allir aðilar sættast á. Börn læra þessa félagshæfileika best með samskiptum við önnur börn. Með því að prófa sig áfram sjá þau hvaða aðferðir virka og hverjar ekki. Stundum hjálpa önnur börn þeim sem á erfitt, til dæmis þegar barn vælir um að einhver hafi meitt sig, segir annað barn „segðu honum bara að hætta“. Sumir halda því fram að ráð sem börn gefa hvert öðru geti verið áhrifaríkari en sama ráð gefið af fullorðnum (Rubin 1983:31-32).

## **2.6 Umhverfið**

Það kemur þó fyrir að barn þurfi aðstoð fullorðins til að ná tökum á þeim hæfileikum sem þarf til vinskapar. Vinalaust barn verður að fá tækifæri til að umgangast önnur börn til þess að öðlast það sjálfsöryggi og félagshæfileika sem þarf til að ganga vel í félagslegum aðstæðum. En þegar barn vantar þessa hæfileika, til dæmis ef það kann ekki að nálgast önnur börn eða á það til að hræða þau í burtu, getur það hindrað þau tækifæri. Þá getur verið nauðsynlegt að foreldrar eða kennarar grípi inn í. Ein aðferð er að stýra vinalausa barninu að öðru barni, stundum barni sem einnig vantar vini, sem hinn fullorðni heldur að gætu passað saman sem leikfélagar. Í sumum tilfellum getur svona paramyndun hjálpað tveimur börnum sem halda sig til baka að upplifa þá félagslegu viðurkenningu sem er svo mikilvæg reynsla. Önnur aðferð er að para eldra barn sem er of keppnisfullt eða árásagjarnt með yngra barni sem getur litið á hann sem stóra bróður. Þannig getur hann lært að hæggt sé að vera metin af öðrum án þess að vera stríðinn og meiða (Rubin 1983:32).

Rubin (1983) minnir á að kennarar þurfi að gæta sín þegar þeir hjálpa börnum að læra félagshæfileika sem eru nauðsynlegir til að stofna til vináttu og að vera vinur, kennarinn þarf að vera næmur á það hvort hann sé að skipta sér af eða aðstoða. Kennarinn má ekki

niðurlægja barn sem er að læra með því að leiðrétta það of opinberlega eða stimpla það sem feimið því barnið gæti lært að líta á sjálft sig þannig. Kennarar þurfa að virða það að börn eru mismunandi og sum leita eftir vinalegum samskiptum við marga, sum einbeita sér að einum eða tveimur góðum vinum á meðan önnur eyða miklum tíma ein. Vinskapur barna er mismunandi og þau eiga í mismunandi samskiptum. Þegar kennarar hjálpa börnum að eignast vini er mikilvægt að huga betur að gæðum vináttunnar frekar en fjölda vina.

Noddings (2002) segir að umhyggja, hreinskilni, réttlætiskennd, ábyrgð og virðing fyrir sjálfum sér og öðrum sé það sem myndi góðan persónuleika. Hún segir einnig að börn séu líklegri til þess að hlusta á fullorðna sem þau hafa myndað samband við byggðu á umhyggju og trausti. Noddings vill að skóli sé staður þar sem það sé bæði auðvelt og freistandi að vera góður. Það skiptir máli samkvæmt Noddings hvernig samband barns og kennara er. Kennarinn þarf að þekkja sjálfan sig og ígrunda eigin viðbrögð. Ef gildismat kennarans er að hann metur samband byggðu á umhyggju verður hann að sýna börnum umhyggju og kenna þeim hvernig á að taka á móti henni og að sýna umhyggju (Noddings 2002:3-15).

Umhverfi leikskólans skiptir miklu máli til þess að börn læri samvinnu og eigi þar með auðveldara með að nálgast félagana sína. Furman og Gavin (1989:328) minnst á rannsókn sem Orlick gerði árið 1981. Orlick setti 5 ára gömul börn í tvö mismunandi 18 vikna námskeið. Annað var með leikjum sem kröfðust samvinnu en hitt krafðist hefðbundinna keppnisleikja. Börnin á samvinnunámskeiðinu sýndu meiri framfarir í að skiptast á og deila og virtust hamingjusamari en börnin í keppnisnámskeiðinu. Furman og Gavin nefna að fleiri rannsóknir hafi sýnt að verkefni sem krefjast samvinnu, og þar sem útkoman er sameiginlegt markmið allra geti minnkað neikvæðni og dónaskap á milli barna. Það er ekki hægt að setja börn saman í hóp og ætlast til að þau verði vinir sjálfkrafa. Í staðinn þarf að skapa tækifæri til samskipta þar sem jákvæð samvinna þarf að fara fram. Börn þurfa að eiga gefandi stundir saman, stundir þar sem reynslan ýtir undir jákvæða mynd af hvert öðru eða breytir neikvæðu orðsperi sem sum börn hafa á sér.

## **2.7 Samantekt**

Hér hefur komið fram að vinalausum börnum vantar oftast þá félagslegu hæfni sem þarf til að þróa og halda sambandi við önnur börn. Með því að kenna þeim þessa þætti er hægt að bæta félagssamskipti þeirra og fóstura þroska og aðlögun. Í einu námskeiði sem Oden og Asher (sjá Furman og Gavin 1989:332) gerðu einbeittu þeir sér að fjórum þáttum, og kenndu þá einn þátt í einu: (1) þátttaka í leik, (2) samvinna, (3) samskipti með því að hlusta og tala, og (4)

viðurkennandi stuðningur með því að fylgjast með, brosa eða hvetja áfram. Mikilvægt er að börn fái hrós og styrkingu þegar þeim gengur vel. Hlutverk leikskólakennarans er mikilvægt svo árangur verði sýnilegur. Þess vegna þurfa allir starfsmenn leikskólans að ígrunda eigið starf og fræðast um rannsóknir sem geta stutt við starf þeirra.

### 3. Þróunarverkefnið: Umhyggja og gagnvirkni með yngstu börnum leikskólans

Vilji starfsmanna á Arnardeild til þess að skoða nánar hvað í leikskólastarfinu væri líklegast til þess að koma jákvæðum skilaboðum til barnanna var hvati að þróunarverkefninu. Oft hafa starfsmenn tekist á um leiðir og sitt sýnst hverjum. Margir þættir hafa þar áhrif s.s. fyrri reynsla hefur áhrif, starfsaldur, menntun og lífsskoðun.

Til þess að skilgreina hvaða þættir í leikskólastarfinu verða til þess að börn læri að þiggja umhyggju frá öðrum einstaklingi og að greina þá þætti sem hjálpa börnum að þróa hæfileikann til að veita öðrum umhyggju var ákveðið að skoða starf okkar gaumgæfilega og lesa heimildir. Þátttakendur í verkefninu voru allir starfsmenn á Arnardeild þar sem yngstu börnin eru, nöfn þátttakenda eru: Kristín Sveinsdóttir leikskólakennari og deildarstjóri, Hjördís Hannesdóttir, leikskólakennari, Ana Isorena Atlason starfsmaður og Anna María Basalan starfsmaður. Ana stundaði leikskólakennaranám á meðan á þróunarverkefninu stóð og kom með fræðilega þekkingu úr skólanum beint inn í þróunarverkefnið. Margrét Lára Sigurðardóttir nemi í leikskólakennaranámi vann verkefni um vináttu á tímabilinu, verkefni hennar nýttust okkur við þróunarverkefnið. Jónína Lárusdóttir leikskólastjóri skrifar skýrsluna. Ýmist er talað um starfsmenn, leikskólakennara og kennara í skýrslunni.

Þátttaka starfsmanna fólst í skráningum og ígrundun um eigið starf. Deildarstjóri skráði samskipti barna og starfsmanna sem voru svo rædd á fundum. Samræður á fundum voru hljóðritaðar og síðan skráðar orðrétt. Ljósmyndir voru teknar af börnunum í leik og uppeldisleg skráning gerð. Ígrundun um eigið starf er mikilvægasta aðferðin í þróunarverkefninu og byggist greining niðurstaðna á henni. Ígrundun fór fram daglega á fundum sem haldnir voru á meðan börnin sváfu eftir hádegismatinn. Markvisst var rætt um atburði sem komu upp í daglegu starfi. Á deildarfundum voru skráningar ræddar og rætt var um breytingar sem urðu á framkomu barnanna. Bæði var rætt um breytingar sem tengdust beint þróunarverkefninu og eins breytingar sem gátu tengst öðrum þáttum. Um leið og gögnunum var safnað var rætt um þau á fundum þar sem allir deildarstarfsmenn tóku jafnan þátt. Verkefnisstjóri var deildarstjóri á Arnardeild, hlutverk verkefnisstjóra fólst í að leiða samræður, halda utan um skráningar, vinna heimildavinnu og skrá niðurstöður.

Rauði þráðurinn í verkefninu var að við vildum gera sýnilega þá þætti sem stuðla að því að barn læri að þiggja og veita umhyggju. Með því töldum við að líklegra væri að viðbrögð starfsmanna yrðu skilvirkari. Þegar starfsmenn vita hvaða leiðir eru vænlegar til

árangurs þá getum við þjálfað eigin viðbrögð og gert þau að eðlilegum viðbrögðum í öllum samskiptum við börnin. Umhyggja krefst þolinmæði og úthalds og hún krefst þess að allir starfsmenn trú á hið góða í barninu. Börn eiga að öðlast trú á eigin getu, þau eiga að finna að þau séu dugleg eins og þau eru og að þau geti. Til þess að svo megi vera þurfa starfsmenn að kynnast hverju barni vel og þeir þurfa að kynnast foreldrum barnanna. Á deildinni er lögð áhersla á skipuleg vinnubrögð og að hafa fáar einfaldar reglur og vel þjálfað starfsfólk. Ígrundun um eigið starf er nauðsynlegur þáttur til þess að við getum byggt á því sem vel er gert og bætt úr þegar þess er þörf, traust innan starfsmannahópsins þarf að vera fyrir hendi og starfsmenn þurfa að vera færir um að takast á við ágreining. Við höfum komist að því að til þess að allt þetta gangi vel þá þurfum við sem vinnum saman í leikskólanum að þykja vænt hverri um aðra.

### **3.1 Framkvæmd**

Í bók Sigrúnar Aðalbjarnardóttur, Virðing og umhyggja, kemur fram að kennari þarf stöðugt að skoða sjálfan sig, meta og gagnrýna með það í huga að bæta sjálfan sig. Sú aðferð sem notuð var í þessu verkefni byggðist á þessum hugmyndum. Unnið var með skráningar á því sem fram fór í leikskólanum og þær greindar á fundum starfsmanna deildarinnar. Við skráningu nýttum við myndatökur og skriflegar skráningar á samskiptum barna og starfsmanna. Þessar skráningar voru skoðaðar út frá kenningum sem fjallað hefur verið um í fræðilega hluta skýrslunnar. Sá fræðimaður sem hefur haft einna mest áhrif á okkur er Nel Noddings en hún hefur meðal annars vitnað í þýska heimspekinginn Martin Heidegger sem sagði að forsenda þess að umhyggja verði til sé myndun umhyggjutengsla. Þetta hugtak var nýtt fyrir okkur og það reyndist gagnlegt að skoða þýðingu þess nánar. Við skoðuðum einnig námskrá deildarinnar og skólanámskrá Fálkaborgar til þess að átta okkur á hvernig við höfum skilgreint þá þætti sem tengjast umhyggju og vináttu.

Í upphafi voru fundir sem tengdust þróunarverkefninu áætlaðir einu sinni í mánuði en fljótlega fundum við að við vildum ræða saman daglega. Það reyndist betra að hafa fundina óformlega, láta formlegheitin lönd og leið en ræða frekar saman um það sem brann á hverju sinni. Við fengum Sigríði Sítu til þess að segja frá rannsókn sinni sem heitir Umhyggja í leikskóla, viðhorf og starf leikskólakennara. Allir starfsmenn leikskólans og nokkrir foreldrar nutu þess með okkur að hlusta á Sigríði Sítu og ræða við hana um málefnið. Önnur fræðsla sem starfsmenn sóttu, var námskeið í Lundúnum um notkun persónubrúða í leikskólastarfi og fræðslu um foreldrasamstarf. Starfsmenn deildarinnar lásu greinar og bækur, daglegar

umræður skiptu samt mestu máli. Áætlun sem gerð var í upphafi stóðst og var áfangaskýrslu skilað til leikskólasviðs í maí 2008. Haustið 2008 var skemmtilegur tími, nýi barnahópurinn var krefjandi og það kom í ljós að verkefnið var uppspretta orku fyrir starfsmenn. Það skipti okkur máli að vera komnar með farveg fyrir ígrundun og leiðir sem við gátum farið við að vinna úr samskiptavanda í barnahópnum. Það voru skilgreiningar á atriðum sem stuðla að því að byggja upp félagsþroska og hvað fullorðnir gera til þess að hafa áhrif á þróun mála í barnahópnum. Mikil sjálfsgagnrýni átti sér stað og kom berlega í ljós að það skipti miklu máli að starfsfólk deildarinnar hafði unnið saman í mörg ár og það ríkti traust í hópnum. Það traust gerði það að verkum að tekist var á um aðferðir og túlkun á því hvað hvert barn þurfti á að halda. Þegar árangur sást gátu starfsmenn líka hrósað hver öðrum. Börnin á deildinni hafa notið þess að starfsmenn skoðuðu eigin viðbrögð og aðgerðir á gagnrýninn hátt. Við trúum því að börnin hafi náð árangri vegna þess að fullorðna fólkið vann markvisst að því að gefa börnunum tækifæri til að sýna öðrum umhyggju og að þiggja umhyggju.

### **3.2 Gagnasöfnun og greining gagna**

Skráningar voru gerðar þegar börnin voru í leik, þá voru einnig teknar myndir af börnunum. Uppeldisleg skráning fór fram til þess að fylgjast með einstökum börnum og börnum sem fengu sérstakan stuðning. Samskipti fullorðinna og barna voru skráð frá orði til orðs. Einnig var skráð atferli barnanna í leik, í fataherbergi og við daglegar athafnir eins og matartíma og salernisferðir. Fundir starfsmanna voru teknir upp á upptökutæki og skráðir orðrétt.

Meðal spurninga sem starfsmenn ræddu voru: Af hverju skiptir máli að eiga vin í leikskólanum? Hvað þarf til þess að barn eignist vin og leikfélaga? Byggist vinátta á umhyggjutengslum? Er hugsanlegt að þegar barni tekst ekki að mynda umhyggjutengsl þá eigi það líka í erfiðleikum með að eignast vin eða leikfélaga?

Mikilvægt hugtak sem kom til umræðu var hugtakið hluttekning (e. empathy). Á heimasíðu Þekkingamiðlunar segir:

Heiðarleiki, öryggi og sjálfsvirðing auka hæfileikann til að umgangast aðra með hluttekningu (empathy). Þetta er einn mikilvægasti hæfileikinn sem þarf til að hjálpa öðrum að þroskast. Hluttekning þýðir að maður lifir sig inn í tilfinningar og hlutverk annarra og reynir í einlægni að sjá heiminn eins og viðkomandi sér hann (<http://www.thekkingarmidlun.is>).

Umræður um hvernig barn tekur ekki á móti umhyggju og atvik þar sem báðir aðilar eru virkir að skilningi og hluttekningu voru skilgreind og talað var um hvernig fullorðnir ræða um umhyggju við börn. Tiltekin voru dæmi þegar barni er veitt óskipt athygli af hendi fullorðinna, þar sem barnið fann að það skipti máli og að hinn fullorðni hafði áhuga á því sem það var að gera. Skoðað var við hvaða aðstæður slíkt gerist á deildinni okkar. Rætt var um hvernig fullorðnir hjálpa börnum að eignast vin í leikskólanum. Mikilvægar umræður voru um hversu meðvitaður hinn fullorðni var um viðbrögð sín og hvað af því sem fullorðnir gera leiði til þess að barn læri að þekkja eigin tilfinningar og annarra. Þessi gögn reyndust vel í daglegri ígrundun um eigið starf og greining gagna byggir á þessum skráningum. Við gagnagreininguna var notuð aðferð sem kölluð er grunduð kenning, hún reyndist vel til þess að finna flokka í gögnunum eða þemu (Strauss og Corbin, 1998). Með túlkunarfræðilegri greiningu var kjarni í samtölum starfsmanna dreginn fram og túlkaður. Samtöl barna voru skráð og notuð til þess að skoða breytingar í samskiptum. Greint var hvernig vinátta og umhyggja birtist í leik og samskiptum barnanna. Myndir af starfinu voru skoðaðar og eru notaðar í skýrslu til þess að sýna hvernig fræðilegar kenningar og rannsóknir annarra sjást í daglegu leikskólastarfi.

## 4. Niðurstöður og umræða

Hér verður greint frá helstu niðurstöðum verkefnisins og lýst hvernig við sáum umhyggju birtast í samskiptum barnanna. Umfjöllunin tengist fræðilega kaflanum þar sem sýnt er fram á hvernig markvisst starf í leikskóla byggist á rannsóknum á því hvaða aðferðir hafa reynst árangursríkar.

### 4.1 Sýn starfsmanna

Umhyggjutengsl verða þegar gagnvirkt samband myndast milli tveggja einstaklinga. Þetta sjáum við í leikskólanum þegar barn fær tækifæri til þess að hugsa, barnið þarf tíma og næði til þess að mynda umhyggjutengsl. Þess vegna skoðuðu starfsmenn samskipti sín og framkomu gagnvart einstöku barni og barnahópnum.

Verkefnið hefur kennt okkur að fylgjast með og grípa ekki strax inn í samskipti barnanna þó eitthvað bjáti á. Stúlka tók hlut af öðru barni. Hún var látin afskiptalaus með það, en fylgst með áframhaldinu. Barnið sem hún tók hlutinn af mótmælti með því að fara að gráta. Eftir smá umhugsun skilaði hún aftur því sem hún tók og huggaði barnið. Þetta sýnir okkur að oft erum við of fljót að grípa inn í atburðarrásina (leikskólakennari á Arnardeild).

Starfsmenn ræddu um það hvernig þeir hrósa börnum og hverju þeir taka eftir í fari barnanna. Það kom í ljós við skoðun á eigin starfi að starfsmenn grípa meira inn í samskipti barna en þeir gerðu sér grein fyrir. Upprifjun og ígrundun starfsmanna á starfsaðferðum sem lagðar eru til grundvallar í könnunarleik (e. heuristic play), þar sem barnið á að fá næði til að nýta meðfæddan áhuga sinn á að kanna hluti í öruggu umhverfi og án íhlutunar fullorðinna, á einnig við um rannsókn á eigin tilfinningum. Ef barn fær næði til þess að skilja eigin tilfinningar og sýna þær eflist hæfni þeirra á að sýna öðrum börnum umhyggju.

Með því að nota tilfinningaspjöldin gera þau sér betur grein fyrir tilfinningum sínum (leikskólakennari á Arnardeild). Þau uppgötva tilfinningar bara sjálf með þroskanum og aldrinum (starfsmaður á Arnardeild).

Í upphafi verkefnisins kom fram hjá starfsmönnum að börnin væru svo ung, þau væru ekki farin að sýna hverju öðru umhyggju og mynda umhyggjutengsl. Við nánari skoðun á þessari fullyrðingu kom í ljós að hún reyndist röng. Þau veita því athygli þegar barn úr hópnum mætir

ekki í leikskólann og koma með tillögur um hvar viðkomandi sé og hvers vegna hann sé ekki í leikskólanum. Þegar foreldrar koma í leikskólann láta þau félagi sinn vita að mamma eða pabbi séu komin. Þau skoða myndirnar á hólfunum í fataherbergi og segja foreldrum sínum frá nafni. Þau hjálpa félagi sínum að finna inniskóna og fötin sín. Þegar starfsmenn fóru að veita þessum atriðum meiri eftirtekt kom í ljós að árgömlu börnin sýna umhyggju og mynda umhyggjutengsl við félagi sína í leikskólanum.

Það að vinna að þessu verkefni hefur styrkt mig í þeirri trú að ung börn geti sýnt mikla færni í samskiptum við hvert annað (leikskólakennari á Arnardeild).

Starfsmenn skoðuðu viðbrögð sín gagnvart barni sem meiðir annað barn, ákveðið var hvernig væri rétt að bregðast við. Núna heyrum við börnin segja við leikskólafélaga sem meiðir: „Ég vil ekki að þú meiðir mig“. Börnin sýna sjálfræði, þau sýna áræðni og þau láta vita hvernig þeim líður. Foreldrar hafa einnig sagt okkur að börnin láti vita þegar þau eru ósátt við framkomu gagnvart þeim. Þegar starfsmenn hafa fylgst með, frekar en að grípa inni, þegar barn tekur leikfang af öðru barni sjá þeir að börnin leysa sjálf vandann. Það barn sem hefur tekið leikfang af öðru barni vill ekki að félagi sinn sé leiður og skilar leikfanginu. Með því að grípa ekki of fljótt inni atburðarásina öðlast börnin mikilvæga reynslu, þau fá tækifæri til að setja sig í spor annarra, þau fá tækifæri til að mynda umhyggjutengsl við annan einstakling.

Oft er börnum á þessum aldri samt að bíta hvert annað. Tveggja ára barn getur auðveldlega breytt um stefnu þegar við tökum eftir því að það ætlar að fara að bíta og við segjum „bara kyssa“ þá fattar barnið hvað það er að gera og kyssir. Ef barn bítur annað barn þá tölum við við þann sem beit á þann hátt að hann skilji verknaðinn t.d. sjáðu hann/hún er að gráta af því að honum/henni fannst vont að láta bíta sig, fáum svo þann sem beit til að hugga. Eða spyrja barnið af hverju hann/hún er að gráta. Þetta getur líka verið heilmikil athygli sem sá sem beit fær fyrir verknaðinn, því er nauðsynlegt að veita börnunum jákvæða athygli annars geta hin tekið upp neikvæða hegðun til þess að fá þessa athygli líka. Þegar við vorum að byrja í verkefninu lögðum við kannski meiri áherslu á að gerandinn huggaði en að útskýra hvernig hinum liði. Svona er þróunin (leikskólakennari á Arnardeild).

Við getum kennt barni að bera umhyggju fyrir öðrum, sýna hlýju ást og kærleika. Þetta gerum við aðeins með því að virða barnið sem einstakling, hafa trú á því og getu þess til að takast á við lífið. Barnið þarf að vera í öruggu umhverfi þar sem það hefur vissu fyrir því að fullorðna

fólkið tryggir velferð þess. Umhyggja er grundvöllur mannlegs lífs, í umönnun felst gagnvirkni og af því læra börn að treysta og hafa trú á eigin getu. Fullorðna fólkíð veitir barni stuðning með því að virða reglur, skoða starfsaðferðir og eigin viðbrögð. Þegar við skipuleggjum starfið á deildinni er traust og nán tengsl grundvallaratriði. Barnið þarf að þekkja umönnunaraðila sinn og treysta honum í hvívetna. Til þess að svo megi verða þarf að taka mið af hverjum einstaklingi fyrir sig. Börn þurfa að eiga gefandi stundir saman, stundir þar sem reynslan ýtir undir jákvæða mynd þeirra af hvert öðru eða breytir neikvæðu orðspori sem sum börn hafa á sér. Vinátta gengur út á gagnkvæma virðingu og góðvild.

## **4.2 Vinátta**

Starfsmenn segja að börnin á deildinni tali ekki mikið um vináttu eða það að vera vinir en sýna það þó í verki.

Börnin eru að vakna, eitt barnið er þegar komið fram þegar annað barn kemur fram. Barnið sem var frammi finnur buxurnar fyrir þann sem er nývaknaður og réttir honum (frásögn leikskólakennara af samskiptum).

Eldri börnin eru meira farin að sýna vináttu sín á milli en þau yngri. Til dæmis þegar einhvernt vantar þá tala börnin um það. Þau segja hvert öðru frá þegar foreldrar þeirra eru að sækja þau og telja nöfn hvers annars upp í fataklefanum með foreldrunum. Börnin þekkja skó hvers annars. Þegar börnin vakna úr hvíld og eru að klæða sig og ná í inniskóna sína í körfuna þá ná þau stundum í skó frá einhverjum öðrum í leiðinni og rétta þeim. Með þessu eru börnin að sýna umhyggju.

Eftir að hafa sótt fyrirlestur hjá Sigríði Sítu Pétursdóttur um vináttu ungra barna, þar sem talin voru upp atriði sem sýna vináttu barna, sáum við að þau atriði koma heim og saman við reynslu okkar. Þar sem börn og fullorðnir skoða myndir af börnunum á deildinni og telja þau upp, velta fyrir sér hvar sá er sem ekki er mættur í leikskólann, þekkja foreldra hvers annars og láta hvert annað vita þegar þau sjá að foreldri er að koma í leikskólann.

Á deildinni tala fullorðnir mikið um að vera vinir, við syngjum um það að vera vinir og það myndast vinátta milli barnanna í hópnum. Af því að það eru alltaf sömu börn saman í hóp verða börnin öruggari með sig innan hópsins, þekkja hópstjórnann sinn betur og börnin tengjast sterkari vináttuböndum. Börnin í hópnum þekkja hvert annað betur en geta þó sótt sér

vini utan hópans líka. Börnin eru hvött til að hugga hvert annað og segja hvað þeim finnst ef t.d. annað barn meiðir.

Börnin eru í útiveru þar sem einn strákur datt og fór að gráta. Annað barn, líka strákur, var nálægt og bað kennari hann að fara og hjálpa hinum að standa upp og hugga hann. Strákurinn gekk upp að hinum og tók í höndina á honum og hjálpaði honum að standa upp. Þessir drengir eru oft að leika sér saman en eru þó ekki í sama hóp en mjög nálægt í aldri. Þegar þeir leika sér saman inni seinnipart dagsins og annar er farinn heim verður hinn leiður og fer að bíða eftir mömmu sinni (frásögn leikskólakennara af vináttu).

Til þess að hjálpa börnum sem eiga erfitt með félagsleg samskipti og geta ekki eignast vini þá situr leikskólakennari með þeim og leikur með þeim og styður þannig við bakið á þeim. Starfsmenn tala einnig mikið um þá einstaklinga við hin börnin til þess að þau heyri það jákvæða en ekki bara þegar tekið er á árekstrum.

Þegar börn eru að hrekkja þá langar þau í rauninni til að leika við hina en kunna oft ekki aðra leið til að vekja athygli á sér. Það hefur reynst árangursríkt, þegar barni er neitað að kubba eða leika með hinum að segja: „Hann má líka leika“. Það virkar einnig að setjast niður með börnunum og fara inn í leikinn með þeim, hjálpa þeim þannig að finna aðrar leiðir (frásögn leikskólakennara).

Þegar rætt var um börn sem halda sig frá öðrum börnum og sækjast ekki í að leika við önnur börn kemur fram að börnin séu ekki öll farin að leika beint saman, sérstaklega þau yngstu heldur séu meira í samhliða leik. En við höfum dæmi um barn sem sækist ekki eftir að leika við önnur börn. Það barn hefur verið tekið útúr hópnum og annað barn með því til þess að spila og lesa fyrir þau tvö og sjá hvað gerist og þessi aðferð hefur borið árangur.

Til þess að efla samvinnu barnanna er farið í ýmis samvinnuspil og samvinnuleiki með þeim. Eitt spil sem farið var í með börnum gengur út á það að hjálpast að við að búa til orm. Einnig má nefna sniglaspil og í hringleiki þar sem bolta er rúllað á milli. Best hefur reynst að byrja með fá börn í spilum á meðan þau eru að læra að bíða og skiptast á. Á deildinni fara börnin oft í raðir þegar þau eru að fara á milli staða, t.d. úr salnum og aftur inn á deild. Þetta er gert til þess að þau læri að fara eftir fyrirmælum og að ganga í röð og taka tillit til hvers annars. Um leið styrkjast vináttuböndin. Börnin fara líka í hringleiki og fleiri leiki sem krefjast þess að þau gangi í röð eins og t.d. flaleik og hókí póki. Matmálstímarnir eru nýtir til

Þess að tala saman, oft eru þau að tala saman um matinn, hvaða matur það sé sem þau eru að borða. Þau tala líka um hvert annað, hvað foreldrar þeirra heiti og hvar þau eigi heima, hvað þau eru að gera með mömmu og pabba og fleira þess háttar.

Þegar barn vill tala um mömmu sína eða pabba, þá spyr barnið mig „hvað heitir mamma mín?“ þá svara ég með annarri spurningu, „já hvað heitir mamma þín?“ Leikskólakennarar á eldri deildunum hafa sagt að þeim finnist mjög sterk vináttutengsl á milli barnanna sem fluttust þangað frá okkur (leikskólakennari).

Starfsmenn segja að þeim finnist börnin skilja hvað sé að vera vinur og hvernig vinir haga sér hvor við annan og hjálpast að en að auðvitað kastist líka í kekki með vinum öðru hvoru. Það er þó ekki víst að þau skilji hugtakið alveg nákvæmlega en börnin haga sér alveg samkvæmt almennri skilgreiningu á því hvað vinátta snúist um. Starfsmenn segja að sum barnanna séu tengdari en önnur sem er vísbending um vináttutengsl.

Einn strákurinn sat í stólnum sínum og var að biðja um aðstoð. Hann beindi orðum sínum að mér en þá dreif ein stúlkan sig til og tók í höndina á honum á meðan hann var að fara niður af stólnum. Svo leiddust þau saman inn í samverustund og settust á dýnuna. Þetta gerði stúlkan óumbeðin (leikskólakennari um umhyggju).

Starfsmönnum á deildinni ber saman um að nauðsynlegt sé að sjá þetta jákvæða í fari barnanna og hrósa þeim fyrir það. Að nota orð eins og „dugleg/ur“ eða „gaman að sjá ykkur hjálpast að“. Starfsmenn nota hrós markvisst þegar unnið er með erfiða einstaklinga, þá er þeim oft hrósað ýkt fyrir þegar jákvæðir hlutir eiga sér stað.

Árangur af slíku hrósi finnst okkur vera þegar barni sem á í erfiðleikum með samskipti er boðið í leik af frumkvæði barnanna. Einnig höfum við prófað að para saman tvö börn sem við teljum að geti passað saman og leiðbeint hvort öðru. Dæmi um þetta eru tveir strákar sem leika sér stundum saman. Annar þeirra getur gleymt sér í leik en hinn á erfitt með það (leikskólakennari).

Áhersla er lögð á rými til leikja, stólum og borðum er ýtt til hliðar svo að börnin fái meira gólfpláss til að leika. Oft verður betri leikur við það, einnig þurfa börnin að hafa aðgang að leikföngum svo þau geti nálgast þau þegar þau vilja leika sér. Púsluspil hafa verið færð aðeins

neðar í hillunni svo að börnin eigi auðveldara með að nálgast þau ef þau vilja. Myndir af dýrum eru límdar á gólfið, börnin tala stundum saman um dýrin.

Lítil börn þurfa að mynda traust tengsl við umönnunaraðila. Starfsmenn á deildinni setja orð á athafnir daglegs lífs til þess að auka skilning barna á hugtökum og byggja getu þeirra til að tjá eigin vilja. Við höfum tekið eftir að þegar börnin í leikskólanum sýna hverju öðru umhyggju þá finna þau að þau skipta máli og við finnum að starf okkar ber árangur. Umhyggja leikskólakennarans í garð barns sést t.d. þegar hann gefur börnunum nægan tíma, næði og rými til leiksins. Starfsmenn þurfa að virða vilja barnanna, áhuga þeirra og skoðanir. Hvatvísa leikskólabarnið þarf að læra að bíða þar til að röðin kemur að því í leik og að bíða við matarborðið. Við erum sammála um að börn eigi að öðlast trú á eigin getu, þau eigi að finna að þau séu dugleg eins og þau eru og að þau geti. Börnin læra að vera sterkir og dugmiklir einstaklingar. Til þess að svo megi vera þurfa starfsmenn að kynnst hverju barni vel.

Okkur finnst vinátta barnanna á deildinni sýnilegri, þau styðja hvert annað betur og eru tilbúnari til þess að þiggja og sýna öðrum væntumþykju (leikskólakennari).

### **4.3 Samskipti**

Í leik læra börnin um góð samskipti í litlum hópum. Vinátta og hjálpsemi koma í ljós og þau læra að deila og skiptast á.

Þar sem samfélagið sem við búum í verður sífellt fjölbreyttara verður þörfin fyrir að við tileinkum okkur þá eiginleika sem einkenna góð samskipti alltaf meiri og meiri.

Hvatinn að verkefninu er að þessi þáttur er svo mikilvægur á þessum tímum þegar barnið er að læra að vera í samskiptum við aðra en fjölskyldumeðlimi (leikskólakennari).

Börnin voru komin inn og flest komin á sófann og byrjuð að syngja. Palli kemur seinna eftir að hafa fengið nýja bleyju. Þá býr Anna til pláss fyrir hann og bendir honum að setjast. Annað dæmi um það sama, er þegar börnin voru að koma sér fyrir til að byrja samverustund, þá fær eitt barn boð frá öðru barni um að setjast við hliðina á sér og annað barn boð um að setjast í fangið á öðru barni sem sömuleiðis þiggur það (leikskólakennari).

Leikskólakennarinn á að hvetja börnin til samskipta, spyrja þau spurninga og tala við börnin á jákvæðan hátt.

Við hjálpum börnunum að leysa úr vandamálum á jákvæðan hátt. Setningar sem við notum mikið í daglegu starfi eru t.d. ef barn vill ekki gera eitthvað og segir nei, segjum við oft „segja já“. Það getur breytt miklu. „Passa hendurnar“, þá erum við að beina athyglinni að verknaðinum en ekki að persónunni sjálfri. Við segjum: „Hendur eru til að faðma með“. Við höfum dáðst að því hvað þau hafa getað tileinkað sér þessa hluti fljótt. Þetta verkefni hefur sýnt okkur að við getum kennt börnunum mjög ungum færni í samskiptum. Oft vilja þau klappa á borðið meðan þau eru að bíða eftir matnum eða þegar verið er að þurrka borðið. Þá notum við að klappa saman höndunum uppi. En þá verður ekki eins mikill hávaði eins og þegar allir klappa á borðið (leikskólakennari á Arnardeild).

Fyrirmyndir eru mikilvægar fyrir börnin því þau læra í samskiptum við aðra. Kennararnir eru nauðsynlegar fyrirmyndir þar sem þeir sýna umhyggju og væntumþykju. Eins og kom fram hjá Nodding hér að framan þá þarf samtál kennara og barns að vera þannig að báðir aðilar séu virkir í leit að skilningi og hluttekningu.

Leikskólakennari segir frá: Lína er að kubba og Sigu langar til að fara til hennar en Lína ýtir henni alltaf frá. Siga kemur til mín og segir við mig: „Hún var að hrinda mér“. Þá segi ég við hana: „varstu búin að segja henni að þú viljir ekki láta hrinda þér?“. Þá snýr hún sér við og fer til hennar og segir henni það að hún vilji ekki láta hrinda sér. Þá segi ég við Sigu: „Viltu biðjast afsökunar?“ Þá breiðir hún út faðminn á móti henni og þær bara fallast í faðma.

Kennarinn þarf að útskýra fyrir börnum hvað umhyggja þýðir. Kennarinn þarf að veita börnunum endurgjöf með því að sýna þeim og útskýra fyrir þeim í hverju umhyggja felst. Með slíkri samvinnu fá börnin tækifæri til að öðlast skilning á umhyggju, hjálpa hvert öðru, styðja og skilja hvert annað.

Bækur sem við höfum unnið með í tengslum við verkefnið eru bækurnar: Einu sinni var raunamæddur risi, Sagan af skessunni sem leiddist, Stjarnan hennar Láru, Óðfluga, Kötturinn sem hvarf, Bína bálreiða og bókin Elsku mamma. Við lesum bækur

fyrir krakkana og tölum við þau um það sem við erum að lesa (leikskólakennari á Arnardeild).

Í leikskólanum er ákveðin hegðun samþykkt. Til þess að efla sterkar hliðar barnsins þarf kennarinn að þekkja börnin vel og það þarf að ríkja traust á milli fullorðinna og barna. Eins og fram kemur hjá Nodding þá eiga börn að fá tækifæri til að vinna með ólíkum einstaklingum því þannig öðlast þau skilning á að við erum ekki öll eins.

Þegar við erum vakandi fyrir að taka eftir jákvæðum samskiptum í fari barnanna og hrósa þeim fyrir þá leiðir það okkur áfram í því að vera jákvæðar og tala þar af leiðandi á jákvæðari hátt við börnin. Af því leiðir að börnin læra að sýna jákvæð samskipti sín á milli (leikskólakennari á Arnardeild).

Jón er nývaknaður og á leiðinni út, hann er alveg að fara að gráta. Anna er á hjóli skammt frá. Þegar hún sér Jón vinkar hún til hans. Jón hleypur til hennar, þau faðmast og Jón fer síðan að leika sér og hætti við að gráta (leikskólakennari á Arnardeild).

Við töluðum mikið um þá spurningu hvernig yngstu börnin á deildinni veita umhyggju og sýna hvert öðru vináttu. Í fyrstu töluðum við um að þau væru ekki enn fær um það, það væri ekki farið að koma í ljós. Þannig töluðum við um þetta fram og aftur. Við vorum ekki ánægðar með þessa niðurstöðu. Við héldum áfram, og komumst að því að þegar þau sjá að einhvern vantar, þegar foreldrar eru að koma og sækja barn þá láta þau hvert annað vita. Þegar þau eru að telja upp nöfn hvers annars í fataklefanum með foreldrum sínum. Niðurstaðan var sem sagt að yngstu börnin sýna umhyggju strax rúmlega eins árs (leikskólakennari á Arnardeild).

## Lokaorð

Í leikskólanum höfum við fjölbreyttar leiðir til að efla vináttutengsl barna. Börnin okkar hafa þá mynd af sjálfum sér að þau séu góð og þau virða vilja sinn og félaga sinna. Okkur hefur reynst vel að hjálpa börnunum til þess að hjálpast að og að leiðbeina hverju öðru í samskiptum. Mikilvægi hins fullorðna er fyrst og fremst fyrirmynd og að veita hverju barni athygli og stuðning þar sem það þarf á að halda. Þegar barn aðstoðar félaga sína er það að sýna umhyggju og við sjáum að vinátta gengur út á gagnkvæma virðingu og góðvild. Börnin vilja aðstoða félaga sína og kennara, þau sýna hvert öðru umhyggju, því að þeim finnst það sjálfsagt en ekki vegna þess að þau neyðast til þess. Stundum þarf kennari að minna börnin á að þau geti hjálpað félaga sínum. Með því að við fullorðna fólkið hvetjum börnin til þess að hjálpa félaga styrkjum við sjálfsmat þeirra og trú á eigin getu. Börn sem fá hrós fyrir það sem þau hafa gert fá þá tilfinningu að þau séu metin að verðleikum, þau geta glatt vin og komið honum til hjálpar. Þetta er góð tilfinning og mikilvægt að börn sjái að þau geti.

Við sjáum að kenningar Noddings um að það sé hægt að kenna börnum að sýna umhyggju eru gagnlegar í leikskólastarfinu. Við kennum þeim að sýna umhyggju svo að þau eigi auðveldara með að þiggja umhyggju. Noddings segir einnig að samband milli kennara og barns þurfi að vera byggt á trausti og umhyggju til að barn taki mark á kennaranum. Þetta finnst okkur við sjá í okkar starfi, þegar við ræðum um fjölskyldur barnanna í matmálstímum og við verkefnin okkar. Þannig kynnast börnin og sjá að þau sjálf og fjölskylda þeirra skipta máli fyrir hina. Kennararnir sýna áhuga á lífi barnsins sem er grundvöllur fyrir gagnkvæmri virðingu.

Við höfum séð hversu mikilvægt er að börn kunnir að koma sér inn í leik með öðrum börnum. Þau verða leið þegar þeim tekst það ekki og þess vegna þarf kennarinn að sjá til þess að þau nái þeirri leikni sem þarf. Leiðir sem við höfum farið hafa skilað árangri. Að setjast niður með börnunum og leika með þeim, þannig læra börnin og venjast því að setjast niður hjá þeim sem þau vilja leika við næst þegar þau langar til að komast inn í leik. Við sjáum hvað skipulag á deildinni hjálpar til við að búa til leik þar sem börnin fá tækifæri til samleiks og að leika ein. Við þurfum sífellt að skoða í hvaða kringumstæðum leikur barnanna verður sem árangursríkastur. Oft eru það litlu atriðin sem skipta miklu máli, því megum við ekki gleyma. Stundum þarf ekki nema eitt teppi yfir borð og þá eru börnin farin að leika sér saman inni í húsi.

Mikilvægt er að hrósa börnunum þegar þau sýna jákvæða hegðun. Börn þurfa gagnrýni og viðurkenningu þegar þau eru að gera rétt. Börnin eiga að finna að kennarar og önnur börn meti þá umhyggju sem þau sýna til þess að þau velji að halda áfram að sýna hana. Hrós styrkir einstaklinginn og hann verður ánægður með frammistöðu sína. Barn sem heldur sig til hlés og sækist ekki í að leika við félagi sína af einhverjum ástæðum þarf að fá aðstoð frá kennara sínum. Barnið þarf að vita að það getur valið að leika sér við önnur börn þegar það vill og tækifæri til að vera eitt ef það kys. Við sjáum að stundum velur barn að vera ekki í leik með öðrum, þá höfum við komið með einfalda leiki eins og að lesa bók, spila eða púsla með því barni og einu öðru sem við teljum að gæti orðið góður leikfélagi. Þannig auðveldum við barninu að kynnast öðrum án þess að ýta of mikið á það. Þó svo að börnin á deildinni tali ekki mikið um vináttu, sýna þau hana. En það er greinilegt að þau skilja hvað það er að vera vinur. Börn sækjast í önnur börn sem sýna góðvild og finnst gaman að leika við aðra og vilja að allir fái tækifæri til þess að vera með.

Væntingar okkar til þróunarverkefnisins hafa staðist. Starfsmenn deildarinnar vinna betur saman að því að hlúa að og styðja við myndun umhyggjutengsla og treysta vináttubönd. Hlýleg samskipti einkenna það andrúmsloft sem ríkir á deildinni. Markmið okkar um jákvæðni og samvinnu eru skýrari. Við vildum auka gæði starfsins og við vildum rannsaka hvort aðferðir okkar væru árangursríkar og hvað við gætum lagað. Við erum svo sannarlega vissar um að þróunarverkefnið hafi skilað þessum árangri. Við erum staðráðnar í að byggja á reynslu okkar og halda áfram á sömu braut ígrundunar og endurmats. Ef aðrir geta nýtt sér reynslu okkar er það gleðilegt. En fyrst og fremst hefur þróunarverkefnið haft góð áhrif á okkur og börnin á deildinni.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aristoteles, *Siðfræði Nikkomakkosar*. Svavar Hrafn Svavarsson (þýð.). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1995.

Broström, S. (2006). Care and education: Towards a new paradigm in early childhood education. Í *Child Youth Care Forum* 35:391-409.

Edwards, C.P. (1986). *Promoting Social and Moral Development in Young Children*. New York og London: Teachers Collage, Columbia University.

Furman, W. og Gavin, L. A. (1989). Peers' Influence on Adjustment and Development. Í Berndt, T. J. og Ladd, G. W. (Ritstj.). *Peer Relationships in Child Development*. New York o.fl.: John Wiley and Sons.

Goldstein, L.S. (2002). *Reclaiming caring in teaching and teacher education*. New York:P. Lang.

Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir (2006). *Lengi býr að fyrstu gerð*. Kennsluleiðbeiningar fyrir leikskólustarf með 1 – 3 ára börnum. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Íslensk orðabók (2002). Mörður Árnason (Ritstj.) 3. útg. Reykjavík: Edda.

Jóhanna Einarsdóttir (2001). Starfsaðferðir og sannfæring leikskólakennara. *Uppeldi og menntun*, 10, 149-165.

Jóhanna Einarsdóttir (2003a). Beliefs of early childhood teachers. Í O.N. Saracho og B. Spodek (Ritstj.), *Studying teachers in early childhood settings* (bls. 113-133). Greenwich:Information Age Publishing.

Jóhanna Einarsdóttir (2003b). The role of preschool and preschool teachers: Icelandic preschool educators' discourses. *Early Years*, 23 (2), 103-117).

Noddings, N. (2002). *Educating moral people*. New York og London: Teachers collage press.

Noddings, N. (1992). *The challenge to care in schools*. New York og London: Teachers college press.

Noddings, N <http://www.infed.org/thinkers/noddings.htm>

Rubin, Z. (1983). The skills of friendship. Í Donaldson, M., Grieve, R. og Pratt, C. (Ritstj.). *Early Childhood Development and Education*. Oxford: Basil Blackwell.

Schaffer, D. R., og Kipp, K. (2007). *Developmental Psychology: Childhood and Adolescence* (7. Útg.). Ástralía o.fl.: Thomson Wadsworth.

Schneider, B. H., Rubin, K. H., & Ledingham, J. E. (1985). *Children's peer relations: Issues in assessment and intervention*. New York: Springer-Verlag.

Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007). *Virðing og umhyggja, Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla.

Society for Research in Child Development. (15. Júlí 2008). *Aggressive Preschoolers Found To Have Fewer Friends Than Others*. ScienceDaily. Sótt 17. november 2008 af <http://www.sciencedaily.com-/releases/2008/07/080715071428.htm>

Strauss, A. og Corbin, J. (1998). *Basics of quality research*. London: sage Publications.

Þekkingarmiðlun.

<http://www.thekkingarmidlun.is/template23244.asp?pageid=4096&newsid=1079>

## Fylgiskjal 1. Þróunaráætlun

Í verkefninu verður unnið með skráningar eins og myndbandsupptökur, myndatökur, skriflegar skráningar á samskiptum barna og starfsmanna. Þessar skráningar verða skoðaðar út frá kenningum Nel Nodding, en hún hefur meðal annars vitnað í þýska heimspekingin Martin Heidegger sem sagði að forsenda þess að umhyggja verði til sé myndun umhyggjutengsla.

Fundir verkefnahópsins verða einu sinni í viku í klukkutíma í senn. Efni vinnufunda: verkaskipting og skilgreining á áhersluatriðum. Ákvörðun tekin um námskeið og fræðsluerindi sem hópmeðlimir þurfa að sækja. Umræður um lesefni, samantekt á mikilvægum atriðum eftir lestur heimilda.

Janúar, febrúar og mars 2008

Skráning: myndbandsupptökur, ljósmyndir, skrifleg skráning á samskiptum barna og skráningar á samskiptum barna og fullorðinna.

Apríl 2008

Unnið úr skráningum út frá kenningum fræðimanna.

Maí 2008

Áfangaskýrslu skilað til Leikskólasviðs

Maí, júní, júlí og ágúst 2008

Unnið úr skráningum út frá kenningum fræðimanna.

September, október, nóvember og desember 2008

Skilgreining á atriðum sem stuðla að því að byggja upp félagsþroska og umhyggju ungra barna. Hvað gera fullorðnir og hvaða áhrif hafa viðbrögð og aðgerðir fullorðinna á félagsþroska og tækifæri barna til að sýna öðrum umhyggju og þiggja umhyggju. Í hverju felst dagleg umhyggja?

Desember 2008 og janúar 2009

Skýrsla skrifuð og prófarkalesin.

Febrúar 2009

Lokaskýrslu skilað til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar

## Fylgiskjal 2. Leiðarljós og starfsáætlun Arnardeildar

### Einkunnarorð

Jákvæðni og samvinna eru höfð að leiðarljósi á Arnardeild. Við ræðum leiðarljósin á deildarfundum þar sem farið er yfir hvernig fylgst er með að börnin og foreldrarir upplifi jákvæðni og samvinnu. Fast skipulag, fáar einfaldar reglur og vel þjálfað starfsfólk skapar þær aðstæður að á deildinni ríkir væntumþykja og öryggi meðal starfsmanna og barna.

### Umhyggja/umönnun

Umönnun á stóran þátt í félagslegum- og vitrænum þroska barna. Samkvæmt Goldstein (2002) er umönnun grundvallarþáttur á leið til vitræns þroska, ekki er nóg að vita að umönnun hefur áhrif, það sem er gert skiptir öllu máli. Þegar staðið er frammi fyrir erfiðum aðstæðum eða einstaklingi, getur verið erfitt að vera meðvitaður um viðbrögð sín og hugsa fram í tímann, en umhyggja krefst þolinmæði og úthalds og trúar á hið góða í barninu.

Í daglegu starfi gefast mörg tækifæri til að örva hina ýmsu skynjunarþætti um leið og umönnunarþættinum er sinnt. Auk leiksins felast stóðir leikskólastarfsins í trausti, hlýju og umhyggju. Umönnun felur í sér aðgerðir, tilfinningu og viðhorf (Broström, 2003). Umhyggja í leikskóla felur í sér uppeldi og kennslu, leikskólakennarinn sinnir þörfum og væntingum barnanna og sýnir þeim athygli, með það að markmiði að leiða þau áfram á þroskabrautinni (Lengi býr að fyrstu gerð, 2006). Broström (2003) bendir á að umönnun felist í að veita einstaklingnum athygli og mæta þörfum hans.

### Gæði umönnunar

Gæði umönnunar hefur áhrif á alla þroskaþætti barnsins og skiptir sköpum fyrir áframhaldið. Þættir sem teljast vera merki um gæðaumönnun eru:

- litlir hópar barna,
- stöðugleiki í starfsmannahópnum,
- hátt menntunarstig starfsfólks,
- jákvæð samskipti og inngríp ásamt mikilli örvun af hálfu leikskólakennarans.

Það telst bera vott um hátt gæðastig þegar leikskólakennarinn hvetur börnin til samskipta, spyr spurninga og talar við börnin á jákvæðan hátt (Sklay, Tran, Weinraub og Harmon, 2005).

Umhyggja og umönnun snýst um að sýna virðingu fyrir þörfum og væntingum hvers og eins. Í því tilviki sem og víðar í leikskólastarfinu er það viðhorf leikskólakennarans til barnæskunnar sem ræður ferðinni (Lengi býr að fyrstu gerð.2006)

Noddings segir að til þess að ungir einstaklingar læri að bera umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum þurfi umhyggja að vera sýnilegri og áþreifanlegri í skólastarfi en nú er. Hún telur skólann vera vettvang til að kenna umhyggju á marga vegu. Þar á umhyggja fyrir hverju barni að vera í fyrirrúmi og þar eiga börn að læra að sýna sjálfum sér og öðrum umhyggju. Í stað þess að búa alla undir sama nám í nafni lýðræðis og jafnréttis eiga skólar að innræta börnum virðingu fyrir heiðarlegum verkum sem vel eru unnin. Auk þess að leggja áherslu á bóklegt nám á menntun að stuðla að því að einstaklingar verði hæfileikaríkir, umhyggjusamir og kærleiksríkir (Noddings, 1992).

## Leikurinn

Í bernsku felur leikur í sér nám. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug birtist í leikjum þess. Í leik lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit til hvert til annars. Í leik lærir barn samskiptareglur og að virða rétt annarra. Leikur mótast af þroska barnsins, bakgrunni þess og uppeldisumhverfi (Aðalnámskrá leikskóla 1999). Í leik læra börnin um góð samskipti í litlum hópum. Vinátta og hjálpsemi koma í ljós og þau læra að deila og skiptast á.

Könnunarleikur er góð leið til að kenna börnunum að leysa deilur. Könnunarleikurinn reynist starfsfólki vel á þann hátt að starfsmenn grípa ekki of fljótt inní samskipti barnanna, þannig gefst börnunum betra tækifæri til að takast á við árekstra sem upp koma. Goldschmied bendir á að börn á öðru og þriðja ári hafi mikla þörf fyrir að rannsaka og uppgötva á eigin spýtur hvernig hlutir haga sér í rými þegar þau stjórna þeim. Þau þarfnast fjölbreyttra hluta til að geta stundað þessar rannsóknir sínar, hluta sem eru sífellt nýir og áhugaverðir. Í könnunarleiknum fá yngstu börnin tækifæri til að einbeita sér, kanna og rannsaka, þau læra að flokka og læra ný orð og hugtök.

## Tónlist

Lögð er áhersla á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana. Helstu þættir í tónlistariðkun barna í leikskóla eiga að vera söngur hreyfing hlustun og leikur með hljóðgjafa (Aðalnámskrá leikskóla 1999:24). Tónlist og söngur hjálpa barninu í mótun og þróun málþroskans. Þar er endurtekningin ekki síður mikilvæg. Börn njóta þess að hreyfa sig í takt og það þarf að bjóða þeim upp á fjölbreytta tónlist. (Lengi býr að fyrstu gerð 2006). Við syngjum með börnunum, förum í hringleiki og aðra leiki þar sem söngur er hluti af leiknum. Hlustum á rólega sígilda tónlist í hvíldarstundum. Í skipulögðum tónlistarstundum notum við bæði hefðbundna og óhefðbundna hljóðgjafa þar sem börnin skiptast á að spila hvert fyrir annað eða öll saman.

## Hreyfing

Börn eru sífellt á hreyfingu og þau fara fljótt að tjá sig með hreyfingum. Hreyfing hefur áhrif á heilsu, snerpu og þol (Aðalnámskrá leikskóla 1999:19). Í útiveru á hverjum einasta degi fá börnin fjölbreytta hreyfingu. Þau fara útfyrir lóð leikskólans og labba í móanum. Skipulagðar hreyfistundir einu sinni í viku þar sem börnunum gefast tækifæri til að hoppa, klifra, skríða, hlaupa og leika sér í salnum.

## Málrækt

„Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Sameiginlegt tungumál – móðurmálið – tengir fólk saman og eflir samkennd þess” (Aðalnámskrá leikskóla 1999:20). Við leggjum áherslu á að tala mikið við börnin og setja orð á athafnir daglegs lífs. Lesum, syngjum og fara með þulur. Tölum um það við börnin að við þurfum að læra að vera kurteis og tillitssöm hvert við annað. Tölum um að hjálpa hvert öðru. Við erum sérstaklega vakandi yfir hugtökum eins og fyrir framan, fyrir aftan, undir, yfir o.s.frv. Við notum Tákn með tali.

## Myndsköpun

Í leikskóla á að veita barni fjölbreytileg tækifæri til að tjá sig í myndum og margs konar mótanlegum efnum (Aðalnámskrá leikskóla 1999:22)

Við leggjum áherslu á að nýta efnivið úr náttúrunni.

Nýtum okkur þurrkuð blóm og laufblöð sem við höfum safnað og þurrkað.

Þæfum úr ull.

Límum og málum á köngla og sand.

Nota þekjuliti, vatnsliti blek og aðra liti.

Mála á tau og endurunninn pappír.

Vinna hveitibatik, klippa og líma, þrykkja með höndum og fótum.

Sjá og taka þátt í hvernig pappír er endurunninn.

Nota pappamassa í myndir og annað.

Mála við tónlist. Mála á gólfi, mála við trönur.

## Náttúran og samfélagið.

„Barn þarf að kynna fjölbreytileika náttúrunnar, og komast í lífandi tengsl við hana og njóta hennar. Opna þarf augu barns fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd” (Aðalnámskrá leikskóla 1999). Við förum í styttri gönguferðir í nágrenni leikskólans. Börnin njóta þess að ganga um í nágrenninu og labba á steinum og mosa samtímis því að upplifa náttúruna. Í gönguferðum sjá þau tré, mosa, steina, fugla og orma. Þau tína ber og köngla hlusta á fugla, leita að kisu og skoða orma. Moltugerð; setja matarafgangana í moltukassa sem staðsettur er í fataherberginu. Börnin koma með og setja brauðafgangana og ávaxtaafgangana í hann og fylgjast með þegar það er hrært í honum og sjá hvernig maturinn breytist í kassanum. Börnin koma með okkur þegar losað er úr moltukassanum í stóru moltutunnurnar. Þar finna þau lyktina af rotnandi matarafgöngum og skoða ofaní moltutunnuna (það er ef þau hafa áhuga á því sem er að gerast ☺). Börnin koma með þegar pappír er settur í pappírsgáminn.

Ræktun; börnin setja kartöflur niður í maí og taka þær upp í ágúst/september. Þau sá paprikufræi í mars og vökva daglega í leikskólanum. Þau fara með plöntuna heim þegar hún er komin vel á veg. Börnin koma einnig með okkur út að vökva sumarblómin fyrir utan leikskólann.

Börnin taka þátt í hefðum og hátíðum og í þeim samfélagslegu atburðum sem leikskólinn tekur þátt í allt eftir getu hverju sinni.

## Margmenning

„Börn þurfa að læra að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu” (Aðalnámskrá leikskóla 1999). Hlusta á tónlist frá heimalöndum barnanna og starfsmannanna á deildinni. Þau skoða hnöttinn og finna Ísland og heimalönd sín. Þau læra einnig að bjóða góðan daginn á íslensku og öðrum móðurmálum sem börnin eða starfsfólk deildarinnar talar. Við höfum fána sýnilega. Við æfum okkur í að telja og syngja á mismunandi tungumálum.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 1999.

Broström, S. (2003). Unity of care, teaching and upbringing – a theoretical contribution towards a new paradigm in early childhood education. Í M. Karlsson Lohmander (Ritsj.) *Researching early childhood* (bls. 21-37). Gautaborg: Göteborgs university.

Elva Önundardóttir, Gunnur Árnadóttir og Sigríður Sturludóttir. Menntun á grunni umhyggju. Grein sótt á vef Kennaraháskóla Íslands í vef tímaritinu Netlu dags. 16. nóvember 2007.

Goldschmied, E. og Jackson, S. (1994). *People under three. Young children in day care*. London: Routledge.

Goldstein, L. (2002). *Reclaiming caring in teaching and teacher education*. New York: Peter Lang.

Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir (2006). *Lengi býr að fyrstu gerð*. Kennisuleiðbeiningar fyrir leikskólustarf með 1 – 3 ára börnum. Kennaraháskólinn á Akureyri.

Noddings, N. (1992). *The challenge to care in schools: An alternative approach to education*. New York: Teachers college press.

Sklay, A.B., Tran, H., Weinraub, M. og Harmon, M. (2005). Teasing apart the child care conundrum: A factorial survey analysis of perception of child care quality, fair market price and willingness to pay by low-income, African Americans parents. *Early childhood research quarterly*, 20 (2005)(bls 393-416).

## Fylgiskjal 3. Dagskipulag og hópastarf

Útivera er daglega.

Að örva hreyfiþroska barnanna og líkamlegt úthald, kenna þeim ýmislegt um náttúruna og að njóta hennar, þau læra leiki og síðast en ekki síst að læra að vera úti í öllum veðrum.

Börnunum er hjálpað við að klæða sig sjálf og ákveða hvað þau eiga að fara í.

Á Arnardeild skiptum við börnunum í 3 hópa Bláahóp, Brúnahóp, og Bleikahóp. Hópastarfið er metið reglulega, m.a. vináttutengslum barnanna.

Samverustundir.

Markmið er að njóta þess að vera saman í stórum hóp og skemmta sér saman. Börnin læra að þau þurfa að hlusta á aðra (bæði börn og fullorðna), læra söngva og þulur og ýmsa leiki. Þau læra að koma fram og tjá sig.

Hópatími.

Markmið er að börnin læri að vinna saman í hópi jafningja að ákveðnum verkefnum og í sjálfsprottnum leik. Í hópnum sér hópstjóri um að börnin hafi öryggi og fastan ramma. Unnið er almennt uppeldisstarf og ber hópstjóri ábyrgð á að efla alla þroskaþætti barnsins.

Markmið með hreyfistund er að auka líkamsvitund, örva grófhreyfingar, samhæfingu, snerpu og þol, jafnvægi, fínhreyfingar, efla samvinnu, kenna börnunum að fara eftir fyrirmælum, kenna þeim leiki og að þau njóti þess að hreyfa sig.

Markmið með tónlistarstundum er að börnin læri að njóta þess að hlusta á tónlist, kynnast hljóðfærum og hljóðgjöfum, unnið með hugtök eins og hátt, lágt, hægt og hratt, veikt og sterkt, taktur og þögn.

Markmið myndsköpunar er að börnin tjái sig í margskonar verkefnum með fjölbreyttan efnivið.

Markmið umhverfismenntar er að barnið skynji umhverfi sitt og læri að umgangast það með virðingu.

Markmið málörvunar er að hvetja börnin til að segja frá og hlusta með athygli. Sögur eru lesnar, farið í orðaleiki, þulur kenndar og orðaforði efldur.

Markmið í matartímum er að kenna börnunum almenna borðsiði og kurteisi. Þau æfa sig í að skammta sér sjálf á diskana, smyrja brauðið sitt og hella í glas. Miðað er við aldur og þroska hvers barns.

## Fylgiskjal 4. Kennslugögn

### Tilfinningaspjöld:

Við bjuggum til tilfinningaspjöld, þar sem sýndar ertu tilfinningar á spjöldum. Tilfinningarnar sem við höfum talað sérstaklega um á spjöldunum eru t.d. gráta, hlæja, vera hissa, vera hræddur, vera reiður. Við höfum sýnt þeim þessi spjöld og spurt hvað er þessi að gera? Spurt þau líka hvernig líður honum þegar hann grætur, er hræddur og s.frv.? Við höfum sungið hlējandi, grátandi og s.frv. Leikið að vera hissa, vera reiður, vera hræddur, vera glaður.

### Persónubrúður:

Pétur og Maryam Ósk eru persónubrúður sem heimsækja okkur stundum í hópatíma eða samverustundir og tala við börnin í gegnum kennarana. Þær segja sögur af góðri og slæmri reynslu sinni í lífinu og sækjast eftir viðbrögðum eða athugasemdum frá börnunum.

Persónubrúðurnar eru ekki leikföng. Heldur er markmiðið að börnin horfi á brúðurnar sem jafningja sína. Þeim eru gefin nöfn, persónulegir eiginleikar s.s menningarlegur uppruni, lífssögur o.fl. Þau Pétur og Maryam Ósk hafa heimsótt okkur á Arnardeild og sagt okkur frá því hvaðan þau eru. Þau hafa sagt börnunum frá hvað þeim finnst gaman að sjá þau glöð og ánægð og líka sagt þeim frá ef þau hafa séð eitthvað sem þeim fannst leiðinlegt að sjá. Þau koma til okkar í þeim tilgangi að börnin kynnist þeim smátt og smátt. Eftir því sem börnin eldast fara þau að hjálpa þeim Pétri og Maryam Ósk að leysa úr vandamálum sem verða á vegi þeirra.

### Bækur og söngvar

Við höfum lesið bækur þar sem tilfinningar og vinátta eru ræddar og sýndar. Til dæmis er „Elsku mamma“ vinsæl bók hjá okkur á Arnardeild þar sem Jói og mamma hans fara í feluleik, í lokin segir Jói mömmu sinni að hún eigi alltaf að vera hjá honum af því að honum finnist svo vænt um hana. Við höfum lesið söguna um skessuna sem leiddist og risann sem var að leita að hlátrinum. Við syngjum stundum hlējandi, grátandi eða glaðlega. Við syngjum um að við séum saman, séum vinir. Þar sem við erum góð hvert við annað. Þannig læra börnin þessi hugtök og smátt og smátt, læra að tjá sig um tilfinningar og um leið að setja sig í annarra spor.

### Könnunarleikur:

Könnunarleikur fer fram með því móti að börnin fá aðgang að miklum fjölda ólíkra hluta, sem þau leika sér að, án afskipta fullorðinna í tiltekinn tíma 15-60 mín. Hversdagslegir hlutir eru notaðir í könnunarleik og þannig skapast mismunandi leikumhverfi eftir því hverjir hlutirnir eru. Þau fá t. d. keðjur, áldósur, lykla, dúska, pappahólka, þvottaklemmur, plastflát með loki og margt fleira. Það hefur verið reiknað út að ef barn fær 4 poka með 50 hlutum hver, getur það sett þá saman á 1.387.142 vegu. Börnin leika sér og kanna möguleika hlutanna upp á eigin spýtur, engin niðurstaða er „rétt“ eða „röng“. Þetta færir ungum nemendum þá reynslu að möguleikar þeirra séu óþrjótandi. Hlutverk fullorðinna er aðeins að vera til taks, þannig læra börnin að vinna saman og finna sínar eigin lausnir. Um þriðjungur af tímanum fer í tiltekt og hann er jafnmikilvægur þeim sem fer fram í leik. Í tiltektinni nefnir hinn fullorðni þann hlut sem barnið á að setja í hvern poka.

Í gegnum könnunarleikinn þroska börnin einbeitingu og athyglisgáfu, samskiptahæfni og málþroski er örvaður

## **Fylgiskjal 5. Skráningar**

(sjá skýrslu sem skilað var í pappírformi)